

4. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 11. janúar 2024 á fjárfundi

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Rakel Másdóttir (RM), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Embla Líf Hallsdóttir (ELH), fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

Forföll: Gunnar Gunnarsson (GG) og Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS).

Formaður setti fund kl. 17:03

1. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

- AIP fór yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundi.

2. Fundargerðir nefnda lagðar fram til kynningar

- 1. fundargerð Úthlutunarnefndar sjóða
- 1. fundargerð Fræðslunefndar
- 2. fundargerð Framkvæmdastjórnar
- 2. fundargerð Móta- og viðburðanefndar
- 2. fundargerð Ungmennaráðs
 - Ungmennaráði falið að senda stjórn uppfært erindisbréf til samþykktar.

3. Erindi frá nefndum

- Frá fræðslu- og skólabúðanefnd um nefndarstarf
 - Fræðslu- og skólabúðanefnd óskar eftir því að skipta nefndinni upp í Fræðslunefnd annars vegar og Skólabúðanefnd hins vegar. Stjórn samþykkir það og felur nefndunum að útbúa drög að erindisbréfum.
 - Gissur Jónsson hefur óskað eftir því að fá að sitja í Úthlutunarnefnd sjóða í stað Fræðslunefndar. Samþykkt.
- Frá móta- og viðburðanefnd um mótahald 2024

- Nefndin leggur til að samningar vegna Unglingalandsmóts í Borgarnesi og vegna Landsmóts 50+ í Vogum verði samþykktir. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi samninga og felur formanni að undirrita samningana fyrir hönd UMFÍ.
- Frá móta- og viðburðanefnd um mótsstaði 2025
 - Móta- og viðburðanefnd leggur til að Unglingalandsmóti 2025 verði úthlutað til UÍA, með mótsstað á Egilsstöðum. Samþykkt.
 - Móta- og viðburðanefnd leggur til að Landsmóti 50+ 2025 verði úthlutað til UÍF, með mótsstað á Siglufirði og Ólafsfirði. Samþykkt.

4. Staða verkefna

- Farið yfir stöðu ýmissa verkefna.

5. Samningur um starfsstöðvar íþróttahéraða við ÍSÍ og UMFÍ

- Samningurinn lagður fram til kynningar. Samningurinn var undirritaður 18. desember 2023. Stjórn fagnar þessum tímamótum.

6. Fundir og ferðir

- Verðlaunaafhending Forvarnardags á Bessastöðum, 3. des 2023, JSI, AIP og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson mættu
- ÍF, íþróttamaður ársins, 19. des 2023, JSI mætti
- Nýársdagsboð Forseta Íslands, 1. jan 2024, JSI mætti
- ÍSÍ, íþróttamaður ársins, 4. jan 2024, JSI og AIP mættu
- ÍF, nýársfundir fatlaðra barna, 6. jan 2024, AIP mætti
- Íþróttamaður Garðabæjar, 7. jan 2024, JSI mætti

ÁS kom inn á fundinn kl. 17:40.

7. Bréf sem borist hafa

- Boð á nýársdagsboð Forseta Íslands
- Boð á nýársfundir fatlaðra barna og ungmenna hjá ÍF
- Boð frá ÍSÍ, íþróttamaður ársins
- Boð frá ÍF, íþróttamaður ársins
- Boð frá KSÍ, ársþing
- Boð frá Kópavogsbæ, Íþróttamaður Kópavogs
- Boð frá Garðabæ, Íþróttamaður Garðabæjar
- Boð á aðalfund Nordung 2024
 - Framkvæmdastjóra falið að tryggja mætingu á fundinn.

Farið yfir fundargerð í lok fundar

Fundi slitið kl. 17:54

SÓJ ritaði fundargerð